

Sp.

379. Fyrirspurnir.

[212. mál]

- I. Til iðnaðarráðherra um kostnað við útgáfu á frumvarpi til laga um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins h.f.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hvað kostar útgáfa frumvarps til laga um leiðréttingu orkuverðs til Íslenska álfélagsins h.f., og er þá átt við prentun, umbrot, töflu- og kortagerð og aðra undirbúningsvinnu, þ. e. heildarkostnað verksins frá upphafi?

- II. Til fjármálaráðherra um staðgreiðslu skatta.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður undirbúningi þess, að staðgreiðsla skatta hefjist?

III. Til fjármálaráðherra um lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana 1982.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

I. Hverjar eru lántökur ríkissjóðs, ríkisstofnana, fjárfestingarlánasjóða ríkisins svo og lántökur annarra með ábyrgð ríkissjóðs eða fjárfestingarlánasjóða ríkisins?

Sundurliðist á eftirfarandi hátt:

1. Erlendar lántökur:

- a) Ríkissjóðs.
- b) Ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins.
- c) Annarra, sem fengið hafa ríkisábyrgð, og þá hverra.
- d) Annarra án ríkisábyrgðar.

2. Innendar lántökur ríkissjóðs:

- a) Seld spariskírteini ríkissjóðs.
- b) Seld happdrættisskuldabréf.
- c) Verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum.
- d) Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum.
- e) Annað.

3. Innendar lántökur ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins:

- a) Verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum.
- b) Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum.
- c) Annað.

II. Að hve miklu leyti hefur því lánsfé, sem aflað hefur verið, verið ráðstafað og hvernig?

Samanburður sé í öllum tilvikum gerður við lánsfjáráætlun 1982 svo og getið lántökuheimilda.